



Álit og tillögur um ví sindalega íslenzka orðarbók 1920

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Þórður Sveinsson – Íslensk orðabók – Vísindaleg íslensk
orðabók – Jóhannes L L Jóhannsson – Jakob Jóh. Smári – Þórbergur Þórðarson - 1920

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-1, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herrakauptið Þóður Sveinsson
Virdingarsýsluhet
væ
flöf.

Álit og tillögur

um vísindalega íslenzka orðabók

ásamt

sýnishorni

Reykjavík

Prentsmiðjan Gutenberg

1920

Formáli.

Á alþinginu 1917 var stofnað til samningar á »vísindalegri orðabók íslenzkrar tungu«. Jafnskjótt sem að því marki var stefnt, varð það nauðsynlegt, áður en mjög langt um liði, að semja plan fyrir þetta ritverk. Samkvæmt því söndum við starfsmennirnir í fyrra og sendum ríkisstjórn og alþingi »Álit og tillögur um íslenzka orðabók«, og nú i framhaldi af því höfum við samið og sýnt ríkisstjórninni »Sýnishorn íslenzkrar orðabókar«. Þetta hvortveggja birtist nú hér í einu lagi, og er auðsætt, að ríkissjóði var skyld að kosta útgáfu rits þessa, en ekki okkur, fátækum mönnum með ónogum launum. En sökum sparssemi kenslumálastjórnarinnar hefir með öllu reynzt ómögulegt að fá þetta framengt, og vórum við því til neyddir að kosta sjálfrir prentunina. Hér var nefnilega um bráðnauðsynlegan hlut að ræða, ef alvara er með þetta stórparsflegra fyrirtæki, svo að menn, sem eigi er málid ljóst, fái að sjá, hvað þarna er verið að gera. Hitt ætti engum að blandast hugur um, að orðabókin er þarfaverk fyrir sjálfa oss Íslendinga, og svo er lika á það að líta, að allar germanskars þjóðir leggja árlega fram miklar fórnir til eflingar þeim vísindum, er tilheyra kynþætti vorum, til fræðslu í máli, sögu og allri menningu forfeðranna; er þá einnig skýlaus skylda vor Íslendinga að leggja fram vorn skerf til eflingar þessum sameiginlega erfðafeng. Ef vér gerum það ekki, reynumst vér ættlerar, ólikir forfeðrunum frægu, er ortu eddukvíðurnar og rituðu fornsögurnar. Orðabókin á nú beint að stefna að því marki að verða utan lands og innan þessum vísindum, er oss standa allra næst, til góðrar styrktar.

Reykjavík í nóvbr. 1920.

Jóhannes L. L. Jóhannsson
(p. t. form. orðabókarnefndarinnar).

Álit og tillögur um íslenzka orðabók.

A. Inngangur.

1. Stjórnarráð Íslands hefur með bréfi dags. 25. febr. 1919 falið okkur undirrituðum að »semja og senda hingað (ð: til Stjórnarráðsins) rökstuddar tillögur um alla tilhögun hinnar fyrirhuguðu orðabókar með prentuðu sýnishorni þeim til skýringar, enn fremur greinargerð þess, hvernig vinnunni við samning orðabókarinnar skuli haga, og loks nokkra áætlun um það, hve mikla starfskrafta þurfi til að ljúka verkinu á tilteknunum tíma«.

Pessarri skipun Stjórnarráðsins skulum við nú reyna að fullnægja og leyfum okkur því að senda hinu háá Stjórnarráði álit það og tillögur, sem hér fara á eftir. En samkvæmt eðli svona svars geta þetta ekki orðið nákvæmar ríkisstjórnarreglur við verkið, heldur bendingar í áttina.

B. Tilhögun orðabókarinnar.

I. Svið orðabókarinnar.

2. Fyrsta atriðið, sem hér kemur til greina, er það, hvort orðabókin skuli ná yfir alt málid (þ. e. málid að fornri og nýju) eða aðeins yfir nokkurn hluta þess (t. d. frá því um 1400). Er það samhuga álit okkar, að orðabókin eigi að taka yfir málid að fornri og nýju, og liggja til þess þær ástæður, sem nú skal greina.

Mál vort, frá byrjun ritaldar til nútímans, er óslitin heild, og þótt sama megi ef til vill segja um önnur mál, er munurinn sá, að hver læs Íslendingur getur viðstöðulitið lesið allar bókmentir vorar aftan úr fornöld. Breytingarnar á svip og orðaforða málsins eru ekki orðnar meiri en þetta, þótt það sé vitianlega nú að ýmsu leyti frábrugðið því, sem það var fyrr á öldum, einkum að framburði. Auðvitað koma fyrir í fornálinu ýms orð, sem nútíðarmenn alment skilja ekki hjálparlaust, en sama má segja um nýmálid. Og meira að segja: Mál það, sem ritað var á 17. öld, er að orðaforða og setningaskipun stórum ólikara nútíðarmáli vönduðu en t. d. málid á 12. og 13. öld. Væri því fult eins mikil ástæða til að skera t. d. ritmál 17. aldarinnar (yfirleitt) innan úr sviði orðabókarinnar eins og að sleppa fornálinu — þar sem óhaett mun að segja þar að auki, að rit 13. aldarinnar sé nú lesin langt um meira en rit 17. aldarinnar.

En einmitt af því, að almenningur les ennþá fornrit vor (t. d. sögurnar),

ari. Ef tilvitnun er þannig löguð, sem mjög oft á sér stað, að af henni er ekki beint auðið að sjá, hvað orðið eiginlega merkir þarna á þessum stað, þá er nauðsynlegt að hafa þýðingarorð við það, sem annaðhvort gefur merkinguna algerlega, eða þá að minsta kosti bendir sem næst því, er hún getur verið. Viti orðtakandi þar á móti alls ekki, hvað orð merkir, má hann heldur alls enga þýðing setja. En oft er merking svo augljós, að engin þýðingarorð er þörf á að setja á setja á seðilinn, og skal það þá heldur ekki gert. Útlendingar haga þessu ekki allir á einn veg. Pannig heimta Sviar, að sinir orðtakar setji ávalt útskýringu við orðið, helzt ef unt er með einu orði, en annars með fleirum. Aftur banna Danir að hafa nokkur þýðingarorð á sínum seðlum, en Englendingar gefa þetta frjálst þann veg, að orðtaki ræður því, hvort hann setur nokkra þýðingu eða enga á tilvitnunarseðilinn; ef hann álitur það nauðsyn, þá þykir gott, hann geri það, en annars þarf hann ekki að fást við það, og lik aðferð er eslaust heppilegust hjá oss.

Hvort orðflokkahetin á seðlunum eru höfð á islenzku eða latinu, má á sama standa; aðeins ber orðtaka að vera þar ávalt sjálfum sér samkvæmur, og vitanlega eru latnesku heitin ruglingslausust, og því er réttast, að latinulærðir menn noti þau, nema þá við nafnorð, því að þar er kynferðistáknið (islenzka) eitt sér látið duga, eins og seðillinn að ofan sýnir.

Dæmi upp á sagnorð má sýna hér á einum seðli:

proka, v. intr.

þóktist liða sáran sult, meðan kýrin þrokaði.

Bs. II, 338₂₁.

ing eða þá alóþörf orð (til þess að full málsgrein myndist) sé í tilvitnuninni, og þá er vanalega hlaupið yfir slik innskot, en . . . eða — sett i staðinn

Pess ber vel aðgæta, að skammstafanirnar undir tilvitnunum sé bæði réttar og ávalt sjálfum sér samkvæmar. Þegar lokið er við að orðtaka eitthvert rit og raða seðlum þess eftir stafrófsröð, er fullur titill þess skrifadur á seðil og lagður með. Það er nauðsynlegur lykill að skammstöfunni. Sjálfsgagt er að hafa tilvitnunina svo langa, sem þörf er á til fulls skilnings, en eigi heldur hóti lengri. Oft má það verða, að heil millisetn-

á seðilinn. Að hinu leytinu getur stundum komið fyrir, að skjóta verði til skilningsauka orði inn í tilvitnunina á seðlinum, og er það þá sett i sviga þannig (o: —). Bæði þessi tilfelli má sjá til og frá í sýnishorninu hér að framan, en vakið máls á því hér fyrir þá, sem gerast vilja orðtakar. Rétritun höfunda frá nýrri tímum er venjulega í sjálfri sér samræmdur ritháttur, og henni á þá lika að halda óbreyttri. Sundurskil á ljóðlinum í kvæðum er táknað með |, og vanalega alt, sem úr ljóðamáli er tekið, merkt með * að framan.

Við finnum þá eigi ástæðu til að tala nú meira um mál þetta og álitum það lika þýðingarlaust að þessu sinni, en viðurkennum fúslega, að mestu þörf var á, að sýnishorn upp á þessa væntanlegu orðabók kæmi út sem fyrst, að góð tæki vóru til þess, því að vitanlega er það hin bezta auglysing á verkinu meðal almennings. Sýnishorn á prenti var sjálfsagður hlutur, þar sem svona merkilegt fyrirtæki er á ferðum. Væntum við svo góðrar fyrirgreiðslu á málí þessu af þeirra hálfu, sem um það eiga að fjalla, bæði stjórnarvöldum og almennungi.

Reykjavík, 17. júní 1920.

Jóhannes L. L. Jóhannsson. Jakob Jóh. Smári.

Pórbergur Pórðarson.

Til Stjórnarráðs Íslands, Reykjavík.

